

Skýrsla til Sprotasjóðs

Skóli: Fjölbautaskólinn í Breiðholti

Verkefni: Íslenskuhjálp handa erlendum nemendum í verknámi

Verkefnisstjóri: Brynja Stefánsdóttir

Samningsnúmer: UMS 64, 2018-19

Markmið verkefnisins

Að þróa aðferðarfræði til að hjálpa erlendum nemendum í verknámi að ná betri tökum á íslensku og geta beitt fagmáli greinar sinnar í námi og starfi. Ætlunin var að þróa stuðningstilboð sem væri skipulagt annars vegar sem hópkennsla og hins vegar sem markviss aðstoð inni í bekkjum eða inni á kennslusvæðum faggreinar eða faggreina. Ef vel til tækist skyldi módelið nýtt áfram til að mæta mikilli þörf fyrir hagnýta íslenskukennslu í tengslum við verknám. Reynslan yrði nýtt til að halda áfram að þróa námsaðstoð við erlenda nemendur í verknámi, bæði í dag- og kvöldskóla. Vænt afurð verkefnisins var uppfærð lýsing á stuðningsþjónustu sem gæti verið fyrirmund að nýju fyrirkomulagi sem aðrir gætu nýtt sér.

Leiðir valdar til að ná markmiði

Ákveðið var að fara af stað á tveimur brautum samtímis. Í fyrsta lagi skyldi sjónum beint að erlendum nemendum sem stunduðu sjúkraliðanám í kvöldskóla og var þeim boðinn stuðningur í íslensku í formi stuðningstíma þar sem þeim gafst kostur á að fara yfir námsefnið m.t.t. orðaforða, bæði sem undirbúnungur fyrir kennslustundir og úrvinnsla þess efnis sem búið var að fara yfir. Í öðru lagi var farið í að gera rannsókn á þörfum erlendra nemenda bæði í dagskóla og kvöldskóla með því að:

- tala við valda nemendur og skoða aðstæður þeirra
- leggja könnun fyrir nemendur þar sem þeir lögðu sjálfir mat á íslenskukunnáttu sína og þörf fyrir aðstoð
- tala við nemendahópinn í lok annar og fá heildarsýn á óskir þeirra um mögulegan stuðning.

Notuð var aðferðarfræði skapandi hugsunar (e. *Design thinking*) sem leggur aðaláherslu á að rannsakandi haldi opnum huga og fari ekki inn í samtal með fyrir fram ákveðnar ályktanir og skoðanir. Áhersla er á virka hlustun og á því að sjá áskorunina út frá notandanum sjálfum. Með þessari aðferðarfræði sóttumst við eftir því að fá innsýn í raunveruleika erlendra nemenda okkar. Við fylgdumst náið með nemendum og áttum svo langt samtal við viðkomandi í kjölfarið.

Við litum bæði til nemenda í dagskóla og nemenda í kvöldskóla. Ljóst var að þarfir nemenda í dag- og kvöldskóla eru ólíkar. Kvöldskólanemendur eru yfirleitt í fullu starfi samhliða náminu og eiga því erfiðara með að þiggja tilboð um auka aðstoð eins og til dæmis í námsveri skólans.

Athyglisvert var að fylgja nemendum í tíma og setja sig í þeirra spor. Það var greinilegt að viðfangsefnið sjálft var ekki til vandræða en þeir misskildu t.d. fyrirmæli og náðu því ekki að klára verkefnin í tíma.

Niðurstaða þessarar rýnivinnu var að í dagskóla eru tækifæri erlendra nemenda til að sækja aðstoð í íslensku fleiri en nemenda í kvöldskóla. Í dagskóla er boðið upp á kennslu í íslensku fyrir erlenda nemendum og voru erlendir dagskólanemendur sammála um að það hjálpaði þeim mikið; sérstaklega til þess að bæta ritun á íslensku. Einnig verja þeir almennt fleiri stundum innan veggja skólans og

þeim fannst þeir læra mest á því að umgangast íslenska vini. Að lokum nefndu þeir að opið námsver væri mikill styrkur og að þeir gætu alltaf sótt aðstoð þangað. Heilt yfir kom á óvart hvað þessum nemendum fannst þjónustan frábær.

Rannsóknir og samtöl við nemendur leiddu ýmislegt í ljós. Í fyrsta lagi kom fram að nemendur eru af mörgum þjóðernum. Könnun sem lögð var fyrir á haustönn (og ekki voru allir mættir) sýndi að 19 nemendur í sjúkraliðanámi sem tóku könnunina voru með 11 móðurmál. Margir nemendur eyða miklum tíma í að þýða námsefnið yfir á móðurmál sitt, oft í gegnum ensku (þar sem ekki eru til orðabækur milli íslensku og móðurmáls þeirra). Margar sögðu að þýðingarforritið google translate gæfi oft villandi niðurstöður, en ljóst var að nemendur reyndu að nýta sér það. Nemendur eru mjög samviskusamir og sögðust margir nota allan sinn frítíma í heimanámið. Þá leita þeir hver til annars með hjálp.

EKKI er einsýnt með hvers konar hjálp kemur nemendum best, þó ákveðin skilaboð séu gegnum gangandi. Þannig telja þeir mikilvægt að fá tækifæri til að taka munnleg próf í stað skriflegra, að fá aðstoð við próftöku sem felst í því að umorða erfiðar prófspurningar, einnig að fá lengri próftíma.

Ljóst er að erlendir nemendur í kvöldskóla fara á mis við þá ritunarþjálfun sem erlendir nemendur í dagskóla fá í íslenskuáfanga fyrir erlenda nemendur. Erlendir nemendur í dagskóla töldu sig fá mikilvæga leiðsögn í ritun og málnotkun sem þeir gætu nýtt í öðrum áföngum.

Frávik frá áætlun

Ljóst er að þörfin fyrir aðstoð í íslensku er brýn fyrir erlenda nemendur í kvöldskóla. Til stóð að nota haustönnina í að þroa aðferðafræði sem hentaði nemendum í kvöldskóla og fara svo af stað með viðameiri stuðning á vorönn og bjóða þá upp á stuðningskennslu fyrir nemendur í húsasmíði og rafvirkjun.

Á haustönninni buðum við upp á stuðningstíma í íslensku, við fórum í gegnum *Design thinking* rannsóknarferlið, við könnuðum samsetningu nemendahópsins með tilliti til móðurmáls og íslenskukunnáttu og við áttum samtal við bæði nemendur og kennara þeirra í lok annar.

Þegar haustönninni lauk varð okkur ljóst að stuðningstímarnir voru, þrátt fyrir þörfina, ekki að skila því sem væntingar stóðu til. Nemendur áttu erfitt með að mæta í stuðningstímana. Ástæðan var álag, í sjúkraliðanáminu voru þetta allt konur sem sækja námið með fram fullu starfi og eru að auki flestar með fjölskyldu og börn og hafa því afar líttinn tíma aflögu. Þær leggja mikið á sig til að stunda námið, en geta ekki leyft sér að mæta í fleiri tíma í skólanum. Reynt var að setja stuðningstímana framan og aftan við kennslustundirnar, en allt kom fyrir ekki.

Helsti ávinningur og mat á verkefninu

Við fengum nokkuð góða yfirsýn yfir viðfangsefnið og sáum hversu flókið úrlausnarefnið er. Lagt var mat á þarfir nemenda fyrir stuðning og reynt að finna út úr því hvernig mætti koma slíkum stuðningi við. Við komumst að raun um að viðbótar íslenskutímar í skólanum voru ekki lausn handa erlendum nemendum í kvöldskólanámi. Það sem skilaði sér hins vegar strax til þessara nemenda var íslenskustuðningur í próftöku þar sem erfið orð voru útskýrð, spurningar umorðaðar og nemendur fengu lengri próftíma.

Það var mikilvægt fyrir skólann að fá þetta tækifæri til að skoða ítarlega þarfir erlendra nemenda. Augljóst er að leiðir til að mæta þörfum nemenda eru ekki auðfundnar, helst þyrfti að veita hverjum og einum mikinn einstaklingsbundinn stuðning á þeim tíma sem honum hentar best. Einnig er ljóst að það þarf að þroa aðferðarfræði við miðlun til nemenda og stuðning við þá.

Einlægur vilji er hjá skólanum til þess að gefa fólkí tækifæri til að mennta sig og má segja að þessi tilraun til að veita stuðningskennslu endurspegli það. Á sama tíma sýnir tilraunin á óyggjandi hátt að þrátt fyrir að vera öll af vilja gerð til að bjóða menntun, þá er málið ef til vill enn flóknara en við gerðum okkur grein fyrir og þarfir hvers og eins nemanda svo ólíkar að ekki er hægt að uppfylla þær nema með einstaklingsmiðaðri lausn.

Okkur var ljóst að til þess að greina stöðu hvers og eins og þannig koma til móts við nemandann þá þurftum við að vita hvar hann var staddir. Samin voru stöðupróf í íslensku og þau færð í rafrænt form svo hægt sé að senda nemendum einskonar sjálfspróf strax við innritun í skólann. Þannig er staða nemandans í íslensku skýr strax í upphafi annar og auðveldar það þarfagreiningu.

Opinber menntastefna í landinu er að meta það sem einstaklingar hafa í farteskinu og koma til móts við þá þar sem þeir eru staddir, styðja þá og hvetja til að bæta við sig menntun. Það er því skylda okkar að finna lausnir við þeim vanda sem upp kemur.

Næsta skref í þessu ferli er að veita sjúkraliðanemendum í kvöldskóla einstaklingsbundinn námsstuðning í gegnum netið, þar sem stuðningskennari svarar þeim í gengum forrit (eins og skype eða Zoom) og veitir þeim persónulegan stuðning þegar þeim hentar. Nemendur geta þá nýtt sér stuðninginn heiman frá sér, þegar þeir eru heima á kvöldin. Tilraun verður gerð næsta vetur með styrk frá Soroptamistaklúbbi Reykjavíkur.


Niðurstöður verkefnisins

- við buðum upp á stuðningstíma fyrir sjúkraliðanemendur í kvöldskóla á haustönn
- farið var í ítarlega þarfagreiningu erlendra nemenda í dag- og kvöldskóla
- gerðar voru kannanir á samsetningu hópsins með tilliti til íslenskukunnáttu og móðurmáls
- nemendum var veitt persónuleg aðstoð í fjölmögum prófum jafnt og þétt yfir önnina
- nemendur fá lengri próftíma
- samin voru stöðupróf í íslensku fyrir erlenda nemendur og prófin sett á rafrænt form
- verkefnið hefur leitt til þess að við ætlum nú að bjóða nemendum persónulega aðstoð í gegnum fjarfundabúnað utan hefðbundins vinnutíma


Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Til stendur að kynna þessar niðurstöður á kennarafundi í haust og efna til samræðu meðal kennara um það hvernig við getum sem best mætt þörfum erlendra nemenda í skólanum.

Reykjavík, 11. júní 2019



Bryndís Sigrún Ólafsdóttir
Verkefnisstjóri verkefnisins



Guðrún Þórunn Guðmundsdóttir
Skólameistari